

Fundargerð skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

9. fundur.

Var haldinn í húsi Fjölbrautaskólans 15. febrúar 1977 og hófst kl. 20³⁰. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir, Eggert Ólafsson, Guðjón Kristjánsson, skólameistari og yfirkennari.

Þetta gerðist:

I. Fjármál. Lagt var fram yfirlit um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 1977. Gengið hefur verið frá greiðslum sveitarfélaganna samkvæmt áður gerðu samkomulagi (sjá 8. fundargerð) nema Keflavíkur. Ástæðan er sú að ekki hefur verið gengið frá uppgjöri við Keflavíkurbæ fyrir árið 1976.

Í fjárlögum 1977 eru Fjölbrautaskóla Suðurnesja ætlaðar kr. 9.600.000,00 til annarra rekstrarútgjalda en launa. Ráðuneytin hafa samþykkt greiðsluáætlun sem gerir ráð fyrir fðstum mánaðargreiðslum 1977. Rekstraráætlun fyrir árið 1976 virðist hafa staðist allvel.

II.-III. Boðaður hefur verið fundur með arkitektum skólans um skipulagsmál. n.k. fimmtudag kl. 16⁰⁰. Verður þeim fengið það verkefni að kanna hvort makaskiptahugmyndin er hagkvæm og hvort unnt er að reisa nýbyggingu fyrir Fjölbrautaskólann á þeirri lóð sem til umráða er. - Hugmyndir arkitekta þurfa að liggja fyrir eigi síðar en í marsmánuði næstkomandi.

IV. Nýjar brautir. Uppi eru hugmyndir um að flugvirkjabraut verði við skólann og þess hefur verið óskað að athugað verði hvort fram geti farið í Fjölbrautaskóla Suðurnesja bóklegt nám í flugskóla sem starfræktur er á Keflavíkurflugvelli. Sigurður Erlendsson, kennari hefur í umboði skólameistara haft samband við þá aðila sem áhuga hafa sýnt á málum þessum. Ingvari Jóhannssyni var falið að kannkannáimálið betur.

Rætt hefur verið um að koma á fiskiðnaðarbraut.

sk

Skólameistari hefur rætt málið við Hákon Torfason, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, og Margeir Jónsson í Keflavík. Ingólfi Halldórssyni, Eggert Ólafssyni og skólameistara var falið að kanna málið betur. Nokkuð var rætt um hugsanlega tréiðnaðarbraut og fram kom áhugi á að stofnsetja stýrimanna-
braut.

V. Tilkynningar frá skólameistara:

a) 18. janúar heimsóttu skólann Andrés Guðjónsson, skóla-
stjóri Vélskóla Íslands, Valdimar Kr. Jónsson, formaður
skólanefndar V.Í., Ingólfur S. Ingólfsson, formaður
Vélstjórafélagsins og Hákon Torfason, fulltrúi í
menntamálaráðuneytinu. - Kynntu þeir sér aðbúnað og
kennslutilhöggun á vélstjórabraut.

b) 21. janúar kom 7 manna sendinefnd frá Vestmannaeyjum,
skipuð öllum skólastjórum þáðan og forstöðumanni
rannsóknarstofnunar. Kynntu þeir sér námstilhöggun og
kennsluaðstöðu F.S. Ferð þeirra var liður í undirbúningi
að stofnun fjölbrautaskóla í Vestmannaeyjum.

Aður hafa komið í sömu erindagjöfðum skólastjórar
frá Neskaupsstað og úr Garðabæ. 10. febrúar komu
skólastjóri og kennarar Iðnskóla Akraness til þess að
kynna sér verknámsaðstöðu hér vegna þess að ákveðið
hefur verið að stofna þar fjölbrautaskóla með líku
sníði og hér er.

c) Að kvöldi 14. febrúar komu hingað um 30 kennarar úr
Flemsborgarskóla og Iðnskóla Hafnarfjarðar. Heimsóknin
er liður í samstarfi skólanna sem miðar að því að
samræma námsefni, námstilhöggun og prófkröfur í skólunum.
Sett hefur verið nefnd skipuð tveim kennurum í hvorum
skóla til þess að samræma áfangalýsingar.

d) 25. janúar lét skólameistari af starfi sem formaður
Félags menntaskólakennara

- e) e) Opnuð hefur verið sameiginleg lesstofa fyrir Gagnfræðaskólann í Keflavík og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Lesstofa þessi er hugsuð sem vísir að bókasafni.
- f). Pétur Gautur Kristjánsson hefur verið leystur frá störfum vegna sjúkleika. Í hans stað hafa verið ráðnir kennarar: Árni Indriðason (saga, félagsfr.), Hörður Erlingsson (félagsfr.), Jón Briem (lögfr.), Kolbeinn Samundsson (latína).

VI. Önnur mál.

Borist hefur bréf frá Kennarafélagi Fjölbrautaskólans þar sem þess er óskað að fulltrúi félagsins fái að sitja fundi skólanefndarinnar, - samþykkt var að veita umbeðið leyfi nema þegar fram fara umræður um kennararáðningar.

Fundarritarar

Jón Hólmgeirsson

Jón Böðvarsson

Fylgiskjal: Fundargerð um byggingarmál.